

## Moðreykur um Múhammedstrú og djöfulsleikar í Miðausturlöndum. VII: Hagsmunagæsla og „Ný öld“ Bandaríkjamanna

Eins og áður er drepið á skiptu Bretar og Bandaríkjamenn með sér Miðausturlöndum og Vestur-Asíu, þegar Frökkum hafði verið skákað út fyrir hliðarlinu. Forseti Bandaríkjanna, Franklin Delano Roosevelt, hafði gert tilkall til svæðisins og Dwigth D. Eisenhower (1890-1969) hafði lagst á sömu sveif. Stefna Bandaríkjanna í Vestur-Asíu var áþekkt svokallaðri (James) Monroe (1758-1831) stefnu (Monroe doctrine) í heimaálfunni. Bandaríkjamenn skilgreindu gervalla Ameríku sem sinn heimaleikvöll.

Jimmy Carter (f. 1924) fetaði ákveðið í slóð Monroe (Carter doctrine): „Afstaða okkar er kýrskýr. Tilburðir utanaðkomandi afla til að seilast til valda á Persaflóasvæðinu, munu túlkaðir sem árás á hagsmuni Bandaríkja Norður-Ameríku.“

Á tímabili dreymdi þá um að leggja undir sig gervöll olíusvæði Sádí-Arabíu. Síðar stofnuðu Bandaríkjamenn sérstakan Miðausturlandaher, Central Command (Centcom), sem beitt var í fyrsta Persaflóastríðinu (Operation Desert Storm) 1991, í Afganistan 2001 og Írak 2002.

Frelsun og lýðræði er jafnan notað sem yfirvarp við stríðsrekstur Bandaríkjamanna eins og kunnugt er. En Robert Dreyfus efast:

„Um árabíl, sérstaklega, meðan á Kalda stríðinu stóð, skutu Bandaríkjamenn einræðisherrum, konungum, höfðingjum (emir) og lífstíðarforsetum í Miðausturlöndum og um gervalla veröld, í hásæti. Í heimi Araba – í Sádí-Arabíu, Jórdan, Egyptalandi og Persaflóaríkjunum – ríktu þessir einræðisherrar, að sumu leyti í slagtogi við íslamska öfgamenn (islamic rights) og fyrir tilstuðlan bandarískra stjórnámálanna.“

Undir lok síðustu aldar settust á rökstóla nokkrir Ný-íhaldsmenn (neo-conservative) í Bandaríkjunum og lögðu drög að bandarískri utanríkisstefnu á nýrri öld, „New American Century.“ Tveir þeirra, bandaríski stjórnálmálarýnirinn, Robert D. Kaplan (f. 1952) og landi hans og jafnaldri, William Kristol, skrifuðu í bók sinni, „Íraksstríðinu“ (The War Over Iraq):

„Við stöndum á þröskuldi nýs söguskeiðs. ... Þetta eru kaflaskil ... Stríðið snýst augljóslega um meira en Írak. Þetta snýst fremur um framtíð Miðausturlanda og stríðið gegn hryðjuverkum. Kjarni máls er það hlutverk, sem Bandaríkin hyggjast leika í veröldinni á tuttugustu og fyrstu öldinni.“

Bandaríski sagnfræðingurinn og utanríkismálafrömuðurinn, Michael Ledeen (f. 1941): „Að mínum dómi ber okkur skylda til að heyja svæðisbundið stríð, hvort sem okkur líkar betur eða verr. Það kynni að verða stríð til að endurskapa heiminn.“

Fyrstu áætlun í þessum anda má m.a. lesa í minnisblaði frá 1996 til Benjamin Netanyahu. Það ber lýsandi heiti: „Hreinn skurður: Ný herkænskuáætlun til að tryggja vettvanginn“ (A Clean Break: A New Strategy for Securing the Realm). Þar er lýst, hvernig hvert ríkið í Miðausturlöndum á fætur öðru skuli lagt að velli. Það er komið að Íran, hin eru fallin, Sýrland þó bara til hálf.

Seinni árásin á á tvíburaturnana í Nýju Jórvík, þ.e átyllu- eða tálárasin (false flag) var notuð af bandarískum yfirvöldum sem átylla hernaðarins í Miðausturlöndum á „Nýrri bandarískri öld,“ og framin í samvinnu við leyniþjónustu Bandaríkjanna, CIA, Alríkislögregluna (Federal Bureau of Investigation- FBI) og leyniþjónustu Ísraelsmanna, Mossad.

Sú fyrri, árið 1993, var að öllum líkindum eins og sú seinni, gerð að undirlagi djúpríkisins. Þá var blinda „sjeiknum“ kennt um. Hugsanlega var hún einungis hugsuð til að hrista upp í fólki og vekja ótta eins og allir veirufaraldarnir.

Það gefur meira að segja barnamorðinginn, Brjálaði-Bensi (Benjamin Netanyahu), sterklega í skyn í bók sinni „Baráttan gegn hryðjuverkamönnum“ (Fighting Terrorism), sem kom út 1995:

„Hvaða leið ættu Bandaríkjamenn og aðrar lýðræðisþjóðir að velja í því skyni að vinna bug á lymskulegum hryðjuverkamönnum á alþjóðavettvangi eins og við sprengingu Alþjóðaverslunarmiðstöðvarinnar (World Trade Center), árið 1993. Þau gætu hæglega leitt af sér fleiri slíka harmleiki. ... Í verstu sviðsmyndinni væri ekki um bifreiðarsprengju að ræða heldur kjarnorkusprengju í kjallara Alþjóðaverslunarmiðstöðvarinnar.“

Osama neitaði alfarið að hafa nokkuð með sprenginguna að gera: „Ég kom hvergi nærri árásunum 11. september. Ég vissi heldur ekkert um þessar árásir. Það er til að dreifa stjórn í ríkisstjórninni í Bandaríkjunum. Það verður að inna huliðsstjórnina eftir því, hverjir stóðu að árásunum.“

Trúlega voru árásir á sendiráð Bandaríkjamanna í Keníu og Tansaníu 1998 undanfari seinni sprengingarinnar í NY, sama eðlis, og framkvæmdar af Mossad. Nú var það ekki blindi sjeikinn heldur hinn dularfulli CIA-maður, Osama bin Laden, sem var ljóti karlinn og heilinn á bak við árásirnar.

